

Fundur 15.2.2021 Florence Nightingale

Komið þið sælir,

velkominn.

Erum við hér saman komin á hól miklum og fjalli og njótum við aðstreymis og ætlum við að leyfa ykkur að vera þátttakendur í því aðstreymi nú um stund hér í kvöld.

Veit ég að ég og allir þeir sem með mér vinna, gætu gert gagn á jörðunni gömlu ef við fengjum að komast að betur.

Og vil ég gjarnan koma fram máli mínu sem best og bæði segja frá æfi minni og áhrifum mínum.

Og vona ég að starf mitt megi halda áfram á jörðunni eins og það hefur haldið áfram á öðrum hnöttum og hjá þeim sem við höfum talað við.

Er hann fríður hópurinn sem við mér blasir af stjörnusambandsstöð þessari.

Og fjölbreytilegur hópur manneskja, sem þó eru svipuð í útliti, en vinna við margvísleg störf.

Og er það mér ætíð jafn mikið tilhlökkunar efni að taka þátt í starfi mínu.

Og verkefnin óþrjótandi eins og venjulega, enda fjölda margt sem betur mætti fara.

Hef ég áður komið í sambandið til ykkar, en ekki tókst mér þá að lýsa öllum þáttum starfs míns í þaula og æfiatriðum, en mun ég nú reyna betur.

Vil ég byrja á því að reyna að virkja allar þær manneskjur, sem vilja líkna öðrum.

En þekkja ekki ykkar stefnu og reyna að vekja áhuga þeirra á öllum þeim andatrúar hugmyndum sem gætu orðið til þess að vera brú yfir í ykkar kenningar.

Sem nútíma fólk fer á mis við og veit ég vel að það er vandi ykkar félags að fleiri af yngri kynslóðum þurfa að koma til liðs við ykkur.

Og myndi það efla líforkuna að fá fjöldann á þessa braut og er það undirstöðu atriði til þess að lækningastarf mitt geti tekist með besta móti og annarra sem að slíku vinna.

Höfum við til ykkar hugsað í þeim þrengingum sem gengið hafa yfir ykkar jörð á síðast liðnu ári.

Og hef ég ýmsar aðferðir til að endurhlaða mig eftir erfiðan starfsdag og vildi ég sérstaklega lýsa því í kvöld hvernig.

Ég næ ekki að koma því alveg fram.

Hvernig við höfum komið áhrifum til Vítanna og lækningu og hjálp og hvernig við höfum unnið með guðum og gyðjum og lífstefnuöflum til þess líkna þeim aðilum.

Og hversu nauðsynlegt er að sjá það í samhengi, að nauðsynlegt er að ná tökum á þeim vandamálum sem þar eru á ferðinni til að heildar líforka hnattanna aukist.

Er ég að vísu ekki búinn að vera hér eins lengi og margir aðrir sem ég vinn með.

En þetta er mitt líf og yndi, alveg frá því að ég kom í framlíf.

Og hefur áhugi minn ekkert minnkað á þessum efnum, og hef ég haldið áfram að skrifa og halda ræður um þetta efni og sinna starfi mínu samkvæmt minni þekkingu og lærdómi.

Er það stórkostlegt að fylgjast með því hvernig lækningarmáttur gyðjanna og guðanna getur komið fram.

Jafnvel í Vítunum og haft þar gríðarlega mikil áhrif. Og hvernig hægt er að snúa þeim hugum við til betri vegar, sem þar eru og vildi ég sérstaklega lýsa þessu hér í kvöld.

Auk þess, sem ég vildi koma því á framfæri að konur mega ekki glata sínum eðlis eiginleikum, þótt þær taki á sig karlmannleg störf, eins og þær gera í ykkar menningarheimi.

Og ólst ég upp á mörkum tveggja heima að því leytinu til.

Og þekkti ég reglur þær sem samfélögin höfðu lifað við, árhundruðin þar á undan.

Konan skyldi vera heima og karlinn úti vinnandi. Og nýjar samfélagsreglur sem voru að ryðjast sér til rúms.

Og tók ég þátt í því ásamt öðrum. Og hef ég hér í framlífi notið þess að vinna með báðum kynjunum.

En finnst mér sem betur fer að hið hefðbundna skipulag hafi aftur orðið meira ríkjandi, þar sem hjúkrunarkonur þær sem ég vinn með eru sérlega samstilltar og þekkja vel til þessara mála.

Er það stórkostlegt að vita til þess að gyðjur þær og dýrlingar sem tignaðir eru í hinum ýmsu trúarbrögðum jarðarinnar, skulu vera til og geta læknað og sent kraft að eigin rammleik.

Að ekki sé þar ímyndun jarðarbúa að ræða heldur sé það lifandi manneskjur sem komnar eru af manneskju stiginu og orðnar ljómandi lýsandi gyðjur og dýrlingar eins og María mey og Lofn og Indverskar og austrænar gyðjur og Norræn gyðja sem heitir,

Næ því ekki núna. En þær eru hér, hjálpa okkur, koma stundum í samböndin og eru ómetanlegar ásamt guðum og karlkyns máttarvöldum ýmsum.

Ég ætlaði að halda hér sérstakt erindi um tengslin á milli Vítanna og frumlífshnattanna og hvernig hægt er að koma af stað víxl mögnun þar á milli.

Og líkna með samskonar krafti, en finn ég að erfitt er að koma með þá fræðslu mola.

En ég veit að þið skynjið það til mín að ég er orðin öflugri í framlífi og áhugi minn á að hjálpa öðrum, engu minni en hann var á jörðunni, en tækifærin til þess jafnvel meiri.

Nafn mitt er. Nei ég verð að bíða með það,

Ætla hér að segja frá, við fylgdumst með þegar, tókum þátt í því að hjálpa íbúum eins hnattar, komast á annan hnött og magnast þar.

Höfðu orðið veikir og þróttlausir eftir hörmungar þær sem þar gengu á og sendum við þeim mikinn styrk og var það mikil lífsreynsla.

Ég ætla að segja nafn mitt, bresk kona Florence Nightingale.

Já, velkominn. Já, takk fyrir.

Er hér í stórum hópi kvenna og karla og kem ég því ekki öllu að, sem ég ætla hér í kvöld, en finnst mér það alltaf jafn ljúf skylda að fylgjast með gömlu jörðinni og reyna að aðstoða ef hægt er, og munum við koma aftur síðar ef okkur tekst að komast í gegn í sambandinu.

Verið þið sælir.

Vertu blessuð.